

Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra þann 18. október 2024 kl. 10:00 á Sigurhæðum Akureyri

Viðstaddir: Sigríður Örvarsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðmundur Ögmundsson, Unnsteinn Ingason, Baldur Daníelsson, Halldóra Gunnarsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Nýr forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Matsnefnd hefur skilað til ráðherra, líklega gengið frá ráðningu fljótlega.

2. Ársfundur Minjastofnunar verður þann 28. nóvember næstkomandi í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Minjavörður mun senda upplýsingar um skráningu á fundinn og streymi af dagskránni þegar nær dregur

3. Friðlýsingar menningarminjar og húsa á svæðinu

Friðlýsing Hofstaða enn í vinnu í ráðuneytinu, Minjastofnun sendi erindið inn þann 9 júlí sl. Rætt um friðlýsingar húsa og farið yfir erindi sem hafa borist stofnuninni varðandi hús á minjasvæðinu.

4. Innviðaverkefni

Samið við hönnuð um að vinna að hönnum innviða á Hofstöðum.

Hönnun innviða lokið á Gásum, næsta skref að funda með fleiri aðilum varðandi uppbyggingu þar

5. Rannsóknir sumarsins.

Alls var unnið að sex uppgröftum á svæðinu á árinu, fjórir þeirra voru framkvæmdarannsóknir, en þess utan var uppgröftur í Rauðavík í Náttfaravíkum og svo vettvangsskólinn á Hofstöðum sem var starfræktur í fjórar vikur í sumar.

6. Fyrirkomulag funda minjaráðs

Rætt um fyrirkomulag funda ráðsins, almenn ánægja með fundina og ósk um að halda óbreyttu fyrirkomulagi.

7. Önnur mál voru engin

Fundi slitið um 11.20 og þá bauð Kristín staðarhaldari á Sigurhæðum upp á kynningu á húsinu og starfseminni þar.

Fleira var ekki gert, fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir